

Ársskýrsla 2025 – Íþróttafélagið Freyja

Aðalfundur félagsins: 15.mars.2026.

Í stjórn sátu:

Haukur Hallsteinsson, formaður
Magnús Ásgeirsson, varaformaður
Guðmundur Örn Guðjónsson, meðstjórnandi

Gengur allt vel og ætlum að halda því áfram.


Innlend mót

Það gekk mjög vel á árinu hjá LF Freyju á innlendum mótum og gaman að sjá árangurinn vera að koma inn aftur hjá félaginu eftir mjög langt skeið.

Félagið vann 6 Íslandsmeistaratitla og sló 16 Íslandsmet


- Íslandsmeistari kvenna U16 utandyra – Vala Lovísa Andersen Daníelsdóttir
- Íslandsmeistari (óháð kyni) U16 utandyra – Vala Lovísa Andersen Daníelsdóttir
- Íslandsmeistarar félagsliða meistaraflokkur utandyra – (Haukur, Tinna, Guðrún)
- Íslandsmeistarar félagsliða meistaraflokkur innandyra – (Haukur, Margrét, Guðmundur)
- Íslandsmeistari kvenna meistaraflokkur utandyra – Margrét Lilja Guðmundsdóttir
- Íslandsmeistari karla meistaraflokkur innandyra – Haukur Hallsteinsson
- Íslandsmeistari (óháð kyni) meistaraflokkur innandyra – Haukur Hallsteinsson
- Íslandsmeistari kvenna meistaraflokkur innandyra – Tinna Guðbjartsdóttir

Íslandsmeistaratitlar og bikarmeistaratitlar eftir árum - Allir aldursflokkar, kyn, keppnis- og íþróttagreinir samantekið



Þátttaka iðkenda LF Freyju í mótum á vegum Bogfimisambands Íslands hefur einnig aukist verulega og ljóst að félagið er án vafa endurvakið í starfsemi og keppni. Þó að margt fleira þurfi að gera til að byggja félagið upp til viðbótar.

Skráningar á innlend mót LF Freyja



Æfingar og önnur starfsemi:

Félagið hefur haldið uppi reglubundnum æfingum allt árið að minnsta kosti tvisvar í viku í Bogfimisetrinu og mikil fjölgun hefur verið af virkum iðkendum sem eru að mæta reglulega á æfingar LF Freyju í Bogfimisetrinu og keppa sumir einnig á mótum fyrir hönd félagsins, þó að keppnisþátttaka sé val hvers og eins iðkanda.

Enn er verið að vinna við að byggja upp félagið frá því að það féll í vanvirkni, en það gengur vel. Skipulagðar æfingar eru haldnar tvisvar í viku fyrir bæði ungmenni og fullorðna. Þó að lítið sé af ungmennum (U21) eins og er þá er markmiðið að fjölga þeim. Við náðum ekki að byrja að borga þjálfurum (Hauki) á árinu til að sjá um æfingar félagsins, en vonumst til þess að geta gert það á næstu árum þegar stöðugleiki er komin á rekstur félagsins. Við viljum þakka Hauki sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, íþróttarinnar og íþróttafólksins.



Landsliðsverkefni:

Við áttum engan þátttakanda í landsliðsverkefnum 2025, en áætlum að ná fyrsta ungmenni á Norðurlandameistaramót ungmenna í Júlí 2026.

Annað:

Við fengum styrk frá ÍBR fyrir búnaðarkaupum til þess að koma ungmenna starfseminni í gang. Búnaðurinn hefur komið sér vel og aðstoðað félagið mikið í fyrstu skrefum. Æfingar eru komnar í gang og m.a. búið að tala við skátahópa um samstarf. En vegna anna höfum við ekki auglýst ungmenna æfingarnar mikið og því fáir skráðir við lok árs.

Haukur Hallsteinsson og Tinna Guðbjartsdóttir voru valin „Langbogakona“ og „Langbogamaður“ ársins hjá Bogfimisambandi Íslands sem var frábær heiður

<https://bogfimi.is/2025/11/27/ari-marin-ragnar-thordis-baldur-heba-haukur-og-bogfimifolk-arsins-2025/>



Við munum þróa ársskýrslurnar frekar í framtíðinni og gera þær flottari í samstarfi við Gumma hjá Bogfimisambandi Íslands, sem hefur ráðlagt og aðstoðað félagið mikið í fyrstu skrefum.

Við viljum sérstaklega þakka Bogfimisetrinu og Astrid Daxböck fyrir gífurlegan stuðning á árinu. Án stuðnings hennar við félagið þá væri félagið ekki til í dag og endurvakning félagsins hefði ekki tekist og framtíðin væri ekki björt.